



Leiðbeiningar fyrir stjórnendur íþróttafélaga

Innihald leiðbeininga

1. Staðfest smit.....	2
2. Smitrakningarteymi hefur samband	2
3. Ábyrgð stjórnanda.....	2
4. Stuðningsteymi (ST).....	3
5. Úrvinnslusóttkví	3
6. Smitrakning	3
7. Úrvinnsla og upplýsingagjöf til SRT	4
8. Fyrstu skilaboð til foreldra/forráðamanna/viðkomandi starfsfólks.....	4
9. Skilaboð fyrir úrvinnslusóttkví.....	5
10. Skilaboð fyrir sóttkví.....	5
Bréf 1 – Ákvörðun um úrvinnslusóttkví.....	6
Bréf 2 – Niðurstöður eftir úrvinnslusóttkví. Heimilað að mæta aftur.....	7
Bréf 3 – Niðurstöður eftir úrvinnslusóttkví. Sett í sóttkví.	8
Bréf 4 – Tilkynning að viðkomandi eigi að fara í sóttkví.....	9

27. október 2020

Efni: Ferli þegar upp kemur smit hjá barni fæddu 2005 og síðar í starfi íþróttafélags

Íþróttafélög fylgja gátlista um hvað þarf að gera ef upp kemur smit og vera í sambandi við sveitarfélag/stuðningsteymi sveitarfélags.

Mikilvægt er fyrir stjórnendur að hafa í huga að mögulega þarf að senda foreldrum/forráðamönnum barna í sóttkví nánari upplýsingar t.d. leiðbeiningar embættis landlæknis um sóttkví og börn í sóttkví¹. Stjórnendur eru hvattir til að ítreka við sína starfsmenn mikilvægi þess að virkja covid appið, sem einfaldar og stýttir smitakningu hjá smitakningarteymi.

1. Staðfest smit

Barn/starfsmaður greinist jákvæður í COVID-19 prófi, COVID göngudeild LSH hefur samband við foreldri/forráðamann/viðkomandi og kynnir honum niðurstöðuna. Sá smitaði fer í kjölfarið í einangrun² og er í eftirfylgni hjá COVID göngudeild.

2. Smitrakningarteymi hefur samband

Starfsmaður smitakningarteymis almannavarna³ (SRT) hefur samband við þann smitaða og lætur stjórnanda íþróttafélags vita, SRT lætur vita hvort rekja þurfi smitið og frá hvaða degi.

SRT gefur upp T- númer og er notað sem heiti í Excel skjalinu. T-númer⁴ er númerið á viðkomandi smiti og er hægt að vísa til í samskiptum varðandi þetta smit milli SRT, íþróttafélags og sveitarfélags/stuðningsteymis. Stjórnandi fyllir út excelskjal með upplýsingum um þá sem þurfa að fara í sóttkví. Ekki má breyta uppgefnum dálkum í excelskjalinu þar sem það er keyrt í gegnum fyrirfram skilgreindan gagnagrunn.

Mikilvægt er að netfang og símanúmer sé gefið upp í skjalinu þar sem það er notað til að koma skilaboðum frá SRT sem er **forsenda** þess að sóttkví geti verið stýtt úr fjórtán dögum í sjö. Séu þessar upplýsingar ekki til staðar þá fær viðkomandi ekki boð um að koma í skimun á degi sjö.

Hafa ber í huga að það getur tekið einhverja klukkutíma fyrir smitakningarteymið að hafa samband.

3. Ábyrgð stjórnanda

Stjórnandinn er með mestu yfirsýnina og þekkir sína starfsemi best, hann ber því ábyrgð á því að horft sé á heildarmyndina og fyllstu varúðar sé gætt. Mikilvægt er að taka fram að smitakning er samstarfsverkefni stjórnanda, stuðningsteymis sveitarfélagsins/sveitarfélags og SRT þar sem verkefnið getur verið umfangsmikið. Stjórnandinn og þjálfarinn vita hverjir mættu á æfingu og voru með á æfingunni, þá starfsfólk, aðstoðarfólk og þjálfarar, ekki er hægt að útiloka að samskipti og athafnir þess smitaða utan æfingar geti einnig haft áhrif á niðurstöðu rakningar. Þar kemur stuðningsteymi sveitarfélags inn og upplýsir skólastjórnendur þeirra skóla þar sem börn þurfa að fara í sóttkví og barnsins sem þarf að fara í einangrun.

Stjórnandi sér til þess að koma á tengingu við SRT, sé tenging ekki komin á nú þegar. Hægt er að komast í tengsl við SRT með því að senda tölvupóst á rakning@logreglan.is. Stjórnandi aðstoðar SRT við að rekja ferðir og samskipti þess smitaða inni á staðnum. Hann ber einnig ábyrgð á allri upplýsingagjöf til SRT og miðlun upplýsinga frá SRT til þeirra sem vinna að smitakningu með honum. Fylla þarf út excelskjal í samráði við þann smitaða með upplýsingum

¹ Sjá reglugerð nr. 800/2020 um sóttkví og einangrun og sýnatöku við landamæri Íslands vegna COVID-19 með áorðnum breytingum.

² Sjá reglugerð nr. 800/2020 um sóttkví og einangrun og sýnatöku við landamæri Íslands vegna COVID-19 með áorðnum breytingum.

³ Smitakningarteymi almannavarna er teymi sérfræðinga úr röðum lögreglunnar og hjúkrunarfræðinga sem hefur það hlutverk að rekja smitin af völdum veirunnar, COVID-19, og hafa samband við fólk sem þarf að fara í sóttkví.

⁴ T númer er númer sem hverri jákvæðri niðurstöðu úr COVID-19 prófi er gefið. Númerið er síðan m.a. notað í smitakningu á viðkomandi smiti til að aðgreina það frá öðrum tilfellum. Engir tveir einstaklingar sem hafa greinst jákvæðir í COVID-19 prófi fá sama T-númerið enda er hér um að ræða raðnúmer.

um einstaklinga sem hafa verið í tengslum við hann og eru þar af leiðandi mögulega smitaðir. Stjórnandi skal vera í sambandi við þá einstaklinga sem mögulega eru smitaðir til að geta staðfest atburðarásina og rekja ferðir enn frekar.

Stjórnandi í samvinnu við stuðningsteymi/sveitarfélag ber einnig ábyrgð að upplýsa foreldra/forráðamenn um stöðu mála og næstu skref, Hér neðst í þessu skjali er að finna sniðmát að bréfum til foreldra fyrir mismunandi skilaboð til þeirra.

4. Stuðningsteymi (ST)

Eins og fram kemur í kaflanum hér að framan er ábyrgðin á smitakningu á hendi stjórnanda í samstarfi við SRT og ST. Hlutverk ST er að vera stuðningur við stjórnandann í smitakningu og passa upp á samræmingu á milli tilvika og að farið sé eftir meginreglum smitakningar. Smitrakning getur bæði verið tímafrek og umfangsmikil en mikilvægt að hún taki ekki of langan tíma.

5. Úrvinnslusóttkví

Sé talið að tilvikið sem tengist uppkomnu smiti sé strax í upphafi það umfangsmikið og að mörg vafamál séu varðandi umgengni og/eða samneyti þess smitaða þá er engin áhætta tekin heldur er svæðinu lokað tímabundið. Horft er út fyrir hólfun og þau sem óvissa er um að hafi verið í samskiptum við hinn smitaða eða starfa á svæðum sem hann hefur verið á síðustu 24 til 48 klst. eru sett í úrvinnslusóttkví⁵ (sjá nánar um tímamörk í kaflanum Smitrakning)

Stjórnandi getur tekið ákvörðun um úrvinnslusóttkví meðan verið er að koma á tengingu við SRT. Hún stendur yfirleitt þangað til búið er að rekja smit eða niðurstöður á frekari sýnatöku liggja fyrir en þó aldrei lengur en í tvo sólarhringa/daga frá þeim tíma sem hún hefst. Hér að neðan er sniðmát að bréfi til að senda heim til foreldra þegar ákvörðun um úrvinnslusóttkví liggur fyrir þar er að finna nánari upplýsingar um hvað úrvinnslusóttkví felur í sér. Þeir aðilar sem fara í úrvinnslusóttkví eiga að fylgja þeim fyrirmælum sem gilda í sóttkví. Í sumum tilvikum er ekki þörf á úrvinnslusóttkví heldur liggur málið ljóst fyrir og er auðvelt í vinnslu og þá er strax gripið til sóttkvíar fyrir þá sem málið varðar.

Ef ungt barn er sett í sóttkví er nauðsynlegt að fullorðinn einstaklingur fari í sóttkví með barninu, aðrir heimilisméðlimir þurfa ekki að fara í sóttkví nema að annað sé tekið fram. Sá aðili sem er heima með barn í sóttkví þarf að fylgja barninu þar til sóttkví líkur. Ekki er hægt að skipta þessu hlutverki á milli fólks.

6. Smitrakning

Stjórnandi hefur það hlutverk eins og áður hefur komið fram að aðstoða SRT við að rekja ferðir og samskipti þess smitaða t.d. með því að leita eftir frásögnum annarra starfsmanna,. Í þeirri vinnu nýtur hann ráðgjafar og stuðnings ST sem felur meðal annars í sér greiningarvinnu, kanna aðstæður á starfsstaðnum, samskipti þess smitaða, samskipti við aðra sem mögulega voru í tilgreindu sóttvarnarsvæði/hólfi og eða í tengslum við hinn smitaða svo eitthvað sé nefnt.

Í smitakningu⁶ er bæði horft til hvort sá smitaði, hér eftir kallaður A, sé með einkenni eða einkennalaus og getur það haft áhrif á afturvirkni sóttkvíar. Hvert tilvik fyrir sig er háð mati SRT með aðstoð sóttvarnalæknis meginreglan er eftirfarandi:

- Miðað er við 24 klst. áður en A fékk fyrstu einkenni óháð því hvenær smitið var staðfest í sýnatöku.

⁵ Úrvinnslusóttkví hefur verið notað yfir ráðstöfun þar sem sóttkví er skipuð á meðan unnið er að smitakningu. Meðan á úrvinnslusóttkví stendur eru aðilar í sóttkví (einstaklingur, heimili, bær, landsvæði) og þeir fara eftir leiðbeiningum um sóttkví nema ef allir á heimili eru undir þessari ráðstöfun þá má einn af hverju heimili yfirgefa heimilið í einu til að afla aðfanga.

⁶ Smitrakning er umfangsmikil aðgerð til að rekja smit, það er að rannsaka hverjir hafa hugsanlega verið útsettir fyrir sýktum einstakling. Smitrakningateymi almannavarna, tekur ákvörðun í hverju tilfelli fyrir sig hverjir þurfa að fara í sóttkví.

- Ef A er einkennalaus er afturvirkni sóttkvíar metin sérstaklega frá 24 til 48 tíma.

SRT horfir ekki til 1 metra fjarlægðarmörk á milli einstaklinga heldur miðar við 2 metra. Þegar tímabil sem miða á við í rakningu liggur fyrir þarf að rekja ferðir og samskipti A m.a. út frá eftirfarandi:

- Miðað er við ef B er innan 2 metra í meira en 15 mín. með A þá skal B fara í sóttkví frá útsetningu⁷ fyrir smiti.
- Einnig er horft til þess ef fólk er í nánnum samskiptum í lengri tíma innan sama hólfis þar sem erfitt er að fullyrða að viðkomandi hafi ekki verið innan 2 metra frá A og margir sameiginlegir snertifletir eru.
- Það getur kallað á sóttkví eigi einstaklingar í ítrekuðum samskiptum yfir daginn með 1 metra fjarlægð þó það sé ekki lengur en 15 mínútur í senn.
- Fór A á milli hólfra, tímalengd viðveru í hverju hólfu og mögulegir snertifletir.
- eru reglubundin þrif á snertiflötum eða ekki, taka fram hversu oft á dag/viku.

Mikilvægt er að hafa í huga að rakning er alltaf mat á aðstæðum mikilvægt er að eiga góð samskipti við A og leggja áherslu á að sú staða sem upp er komin er ekki á ábyrgð hans né honum að kenna.

7. Úrvinnsla og upplýsingagjöf til SRT

Stjórnandi ber ábyrgð á úrvinnslu gagna og upplýsingagjöf til SRT. Upplýsingum til SRT er miðlað með tölvupósti á netfangið rakning@logreglan.is sem inniheldur excelskjál sem viðhengi:

- Stjórnandi skal að lokinni rakningu skrá í excelskjalið og upplýsir um þá sem hafa verið í samskiptum við hinn smitaða frá x degi samkvæmt þeirra bestu vitund. ST leiðbeinir um skráningu í skjalið eftir þörfum.
- Ef starfsmaður er skráður í skjalið skal skrá nafn, kennitölu, símanúmer, netfang og samneyti starfsmanna við þann smitaða.
- Ef barn er skráð í skjalið skal skrá nafn og kennitölu ásamt nafni, kennitölu og símanúmeri foreldri/forráðamanns sem og netfang. Einnig samneyti barns við þann smitaða.
- Stjórnandi skal síðan senda excelskjalið útfyllt á SRT á netfangið rakning@logreglan.is og setja T-númerið í efni (subject). Mikilvægt er að stjórnandi skrái einnig sitt nafn, símanúmer og netfang í skjalið til að auðvelda frekari samskipti.

Í skjalinu sem stjórnandi sendir á SRT eru hans tillögur hverjir eigi að fara í sóttkví en SRT tekur alltaf endanlega ákvörðun um sóttkví.

Aðilum sem þurfa að fara í sóttkví ber að fara í sýnatöku áður en sóttkví lýkur og sendir smittrakningarteymið strikamerki í gsm síma foreldra/forráðamanns/starfsmanns sem framvísa þarf við sýnatöku.

8. Fyrstu skilaboð til foreldra/forráðamanna/viðkomandi starfsfólks

Skilaboð til foreldra/forráðamanna og viðkomandi starfsfólks þurfa að berast eins fljótt og mögulegt er. Greina þarf á milli hvort það liggja fyrir ákvörðun um sóttkví eða hvort um úrvinnslusóttkví er að ræða.

Ef einstaklingar eru fyrst settir í úrvinnslusóttkví þá fer úrvinnsla fram í allt að tvo daga og síðan tilkynnt um niðurstöður innan þess tíma.

⁷ Einstaklingur sem hefur umgengist veikan einstakling með COVID-19 hefur verið útsettur. Með því er átt við að hafa verið innan við 1–2 metra frá veikum einstaklingi meðan hann var með hósta eða hnerra, eða hafa snert hann, sofið í sama rúmi, dvalið í sama húsnæði eða verið í sama farartæki. Einkenni COVID-19 koma fram innan 14 daga frá smiti, svo aðeins þeir sem hafa verið útsettir innan 14 daga eru álitnir í hættu á að veikjast.

Hér fyrir neðan eru sniðmát að bréfum til foreldra/forráðamanna sem eiga við um mismunandi aðstæður.

9. Skilaboð fyrir úrvinnslusóttkví

Ef óljóst er í upphafi hverjir eru útsettir fyrir uppkomnu smiti, eða ef smitakning er mjög umfangsmikil, getur verið rétt að grípa til þess úrræðis að setja stærri hóp en minni í úrvinnslusóttkví. Það er gert til að gæta fyllsta öryggis og varúðar á meðan unnið er að frekari smitakningu. SRT tekur ákvörðun um úrvinnslusóttkví að höfðu samráði við stjórnanda. Ef gripið er til úrvinnslusóttkvíar er notast við þrjú bréf og þau bréf valin sem við eiga hverju sinni. Bréf 1 er alltaf sent sem fyrsta bréf.

- Bréf 1 fjallar um að nauðsynlegt sé að setja ákveðinn hóp í allt að tveggja daga úrvinnslusóttkví.

Seinna bréfið gæti verið bréf 2 eða bréf 3 allt eftir því hver niðurstaða úrvinnslusóttkvíar er, sjá bréfin hér að neðan.

- Bréf 2 er sent ef ekki er talin þörf á frekari sóttkví og er því heimilt að mæta aftur á ákveðnum degi sem er skilgreindur í bréfi 2.
- Bréf 3 er sent þegar niðurstaðan er sú eftir frekari smitakningu að viðkomandi sem var settur í úrvinnslusóttkví eigi að fara í sóttkví. Þeir dagar sem viðkomandi hefur verið í úrvinnslusóttkví dragast frá þeim dögum sem sóttkví kallar á.

10. Skilaboð fyrir sóttkví

Ef ákvörðun um sóttkví liggur fyrir strax í upphafi og enginn vafi er á hverjir eru útsettir fyrir smiti ber stjórnandi ábyrgð á að foreldrum/forráðamönnum sé tilkynnt um að viðkomandi sé kominn í sóttkví.

- Bréf 4 (fyrra bréfið) fjallar um að nauðsynlegt sé að setja ákveðinn hóp í sóttkví. Einnig er vísað í nauðsynlegar leiðbeiningar um hvað felst í sóttkví og að fólk kynni sér einkenni COVID-19 ef það koma upp einkenni hjá þeim sem eru í sóttkví.

Úrvinnslusóttkví - Sniðmát

Bréf 1 – Ákvörðun um úrvinnslusóttkví.

Tilkynning send eftir hefðbundnum leiðum til foreldra/forráðamanna sem mögulega tengjast þeim smitaða.

Kæru **xxxxx** foreldrar/forráðamenn barna í **xxx flokki/deild félag**.

Okkur þykir leitt að tilkynna að upp hefur komið COVID-19 smit hjá **starfsmanni/barni** í **xx flokki/deild**.

Til að gæta fyllsta öryggis og varúðar ertu vinsamlega beðin/n að hafa barn þitt heima í úrvinnslusóttkví (allt að tveir dagar) á meðan unnið er að frekari smittrakningu. Nánari upplýsingar verða sendar út um leið og þær liggja fyrir.

Ef **ungu barn** er sett í sóttkví er nauðsynlegt að fullorðinn einstaklingur fari í sóttkví með barninu, aðrir heimilismeðlimir **þurfa ekki að fara** í sóttkví nema að annað sé tekið fram. Sá aðili sem er heima með barn í sóttkví þarf að fylgja barninu þar til sóttkví lýkur eða ef barn veikist þá í gegnum einangrun. Ekki er hægt að skipta þessu hlutverki á milli fólks sjá meðfylgjandi PDF skjal þar sem fram koma upplýsingar um börn í sóttkví.

Hverjir þurfa að fara í sóttkví ?

- Getur foreldri/forráðamaður barns sem ekki þarf að fylgja barni og því foreldri sem er með barni í sóttkví haldið nálægðarmörk og hugað að snertiflötum ?
- Geta aðrir á heimilinu sem ekki fylgja barni í sóttkví haldið nálægðarmörk og hugað að snertiflötum ?

Ef svar við þessum spurningum er **nei**, þá þarf viðkomandi að vera í sóttkví með barni, þó svo enginn nema barnið sé skráð opinberlega í sóttkví og einungis barnið fari í sýnatöku að 7 dögum liðnum. En fari heimilismeðlimir að finna fyrir einkennum hafa þau samband við heilsuvera.is og sækja um að fara í sýnatöku.

Þið getið að sjálfsögðu leitað til okkar ef eitthvað er óljóst eða viljið koma einhverju á framfæri

Kær kveðja,

Nafn

Starfsheiti

xxx@xxx.is - Sími xxx-xxxx

Fylgiskjöl:

Heimasóttkví

Börn í sóttkví

Upplýsingar fyrir börn og ungmenni

Börn með sértækar umönnunarþarfir í sóttkví – leiðbeiningar til forráðamanna

Vottorð vegna sóttkvíar

Úrvinnslusóttkví - Sniðmát

Bréf 2 – Niðurstöður eftir úrvinnslusóttkví. [Heimilað að mæta aftur.](#)

Tilkynning send eftir hefðbundnum leiðum til þeirra sem voru send í úrvinnslusóttkví.

Kæru foreldrar/forráðamenn barna í xxx flokki/deild félag

Í samráði við smittrakningarteymi almannavarna og sóttvarnalæknis og til að gæta fyllsta öryggis og varúðar var tekin ákvörðun um úrvinnslusóttkví í gær/dag meðan unnið var að smittrakningu.

Kortlagning smitleiða og samskipti þess smitaða er lokið. Það gleður okkur að tilkynna að eftir þessa yfirferð er ljóst að við getum aflétt úrvinnslusóttkví hjá börnum í xxx flokki/deild félags þíns barns. Starfið hefst að nýju xxx kl. xxx.

Mikilvægt er að vera sérstaklega vakandi fyrir einkennum og halda sig heima ef einkenna verður vart. Alls ekki fara beint á heilbrigðisstofnun, heldur hringdu fyrst og fáðu leiðbeiningar. Hafðu samband við heilsugæsluna þína, netspjall á heilsuvera.is eða Læknavaktina í síma 1700, og fáðu ráðleggingar.

Þið getið að sjálfsgöðu leitað til okkar ef eitthvað er óljóst eða viljið koma einhverju á framfæri.

Kær kveðja,

Nafn

Starfsheiti

xxx@xxx.is - Sími xxx-xxxx

Úrvinnslusóttkví - Sniðmát

Bréf 3 – Niðurstöður eftir úrvinnslusóttkví. [Sett í sóttkví.](#)

Tilkynning send eftir hefðbundnum leiðum til foreldra/forráðamanna sem voru í úrvinnslusóttkví.

Kæru foreldrar/forráðamenn barna í **xx flokki/deild** félag

Í samráði við smittrakningarteymi almannavarna og sóttvarnalæknis og til að gæta fyllsta öryggis og varúðar var tekin ákvörðun að setja börnin í úrvinnslusóttkví í **gær/dag** meðan unnið var að smitrakningu.

Kortlagning smitleiða og samskipti þess smitaða er lokið og þykir okkur leitt að tilkynna ykkur að það er krafa smittrakningarteymis almannavarna og sóttvarnalæknis að börn í **xx flokki/deild félag**, fari í sóttkví frá og með **xxx** þar sem þau voru útsett fyrir smiti vegna COVID-19 veirunnar. Þið munið fá nánari upplýsingar frá smittrakningarteymi almannavarna og sóttvarnalæknis á næstu dögum einnig munið þið fá sms með strikamerki sem þið þurfið að framsýna í sýnatökunni.

Ef **ungu barn** er sett í sóttkví er nauðsynlegt að fullorðinn einstaklingur fari í sóttkví með barninu, aðrir heimilisméðlimir **þurfa ekki að fara** í sóttkví nema að annað sé tekið fram. Samkvæmt verklagi smittrakningarteymis þá er barnið skráð formlega í sóttkví en forráðamaður sem er með barninu í sóttkví er **ekki** skráður í sóttkví. Barnið fær boð í sýnatöku á sjöunda degi en ekki forráðamaðurinn. Barnið má snúa til baka á æfingu þegar staðfest er að það sé ekki með Covid – 19.

Ef forráðamaðurinn fær einkenni þá skal hann óska eftir því að fara í sýnatöku á vefsíðunni heilsuvera.is eða hringja í sína heilsugæslu ef hann hefur ekki aðgang að síðunni. Rétt er að minna á að forráðamaður á að geta fengið vottorð barns í gegnum heilsuveru til staðfestingar fjarveru frá vinnu.

Mikilvægt er að þið kynnið ykkur meðfylgjandi leiðbeiningar um hvað felst í sóttkví. Einnig er rétt að kynna sér hvaða einkenni fylgja COVID-19, því ekki er hægt að útiloka að þau gætu komið upp hjá þér eða fjölskyldu þinni á meðan þið eru í sóttkví. Við hvetjum ykkur eindregið til að hafa samband við heilsugæslu, netspjallið á Heilsuvera.is eða vaksíma 1700 ef grunur er um smit. Rétt er að árétta að mögulegt er að vera með COVID-19 án einkenna.

Farið varlega, virðið þær reglur sem gilda og kynnið ykkur vel allar leiðbeiningar sem eru aðgengilegar á vef embættis landlæknis og á www.covid.is.

Þið getið að sjálfsögðu leitað til okkar ef eitthvað er óljóst eða viljið koma einhverju á framfæri.

Kær kveðja,

Nafn

Starfsheiti

xxx@xxx.is - Sími xxx-xxxx

Fylgiskjöl:

[Heimasóttkví](#)

[Börn í sóttkví](#)

[Upplýsingar fyrir börn og ungmenni](#)

[Börn með sértækar umönnunarþarfir í sóttkví – leiðbeiningar til forráðamanna](#)

[Vottorð vegna sóttkvíar](#)

Sóttkví - Sniðmát

Bréf 4 – Tilkynning að viðkomandi eigi að fara í sóttkví

Tilkynning send eftir hefðbundnum leiðum til foreldra/forráðamanna í flokk/deild vegna smits.

Kæru foreldrar/forráðamenn barna í xxx

Okkur þykir leitt að tilkynna ykkur að það er krafa smittrakningarteymis almannavarna og sóttvarnalæknis að öll börn í xxx flokk/deild félags, eigi að fara í sóttkví frá og með xx.xx.xxxx þar sem þau voru útsett fyrir smiti vegna COVID-19 veirunnar. Þið munið fá nánari upplýsingar frá smittrakningarteymi almannavarna og sóttvarnalæknis á næstu dögum sem og sms strikamerki sem þið þurfið að framvísa í sýnatökunni sem fram fer á sjöunda degi.

Ef ungt barn er sett í sóttkví er nauðsynlegt að fullorðinn einstaklingur fari í sóttkví með barninu, aðrir heimilismeðlimir þurfa ekki að fara í sóttkví nema að annað sé tekið fram. Samkvæmt verklagi smittrakningarteymis þá er einungis barnið skráð formlega í sóttkví en forráðamaður sem er með barninu í sóttkví er ekki skráður í sóttkví. Barnið fær boð í sýnatöku á sjöunda degi en ekki forráðamaður sem er með barninu í sóttkví. Aftur á móti ef forráðamaðurinn fær einkenni þá skal hann óska eftir því að fara í sýnatöku á vefsíðunni heilsuvera.is eða hringja í sína heilsugæslu ef hann hefur ekki aðgang að síðunni. Rétt er að minna á að forráðamaður á að geta fengið vottorð barns í gegnum heilsuveru til staðfestingar fjarveru frá vinnu.

Einnig er rétt að kynna sér einkenni COVID-19, því ekki er hægt að útiloka að þau gætu komið upp hjá þér eða fjölskyldu þinni á meðan þið eru í sóttkví. Við hvetjum ykkur eindregið til að hafa samband við heilsugæslu, netspjallið á heilsuvera.is eða vaktsíma 1700 ef grunur er um smit. Rétt er að áréttta að mögulegt er að vera með COVID-19 án einkenna.

Farið varlega, virðið þær reglur sem gilda og kynnið ykkur vel allar leiðbeiningar sem eru aðgengilegar á vef embættis landlæknis og á www.covid.is.

Þið getið að sjálfsögðu leitað til okkar ef eitthvað er óljóst eða viljið koma einhverju á framfæri.

Kær kveðja,

Nafn

Starfsheiti

xxx@xxx.is - Sími xxx-xxxx

Fylgiskjöl:

[Heimasóttkví](#)

[Börn í sóttkví](#)

[Upplýsingar fyrir börn og ungmenni](#)

[Börn með sértækar umönnunarþarfir í sóttkví – leiðbeiningar til forráðamanna](#)

[Vottorð vegna sóttkvíar](#)